



STUÐLABERG  
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ  
www.studlaberg.is  
s. 420-4000



# VÍKURFRÉTTIR

FIMTUDAGUR 4. JANÚAR 2023 // 1. TBL. // 45. ÁRG.

## Mikilvægt að Grindavík rísi upp að nýju

- Ferðaþjónustuaðilar í bæjarfélaginu hafa miklar áhyggjur af stöðunni.
- Áriðandi að flýta gerð áhættumats. ■ Bláa lónið opnar að nýju í lok vikunnar.

„Það er mjög mikilvægt að flýta vinnu við áhættumat þannig að við getum farið að hefja starfsemi á einn eða annan hátt og það er í raun hvítleitt að því sé ekki lokið. Við höfum haft lokað í tvo mánuði en stefnum að því að opna aftur í einhverri mynd í lok vikunnar,“ sagði Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, eftir fund fyrirtækja í ferðaþjónustu í Grindavík með Lilju Alfreðsdóttur, ráðherra ferðamála, í gær, 3. janúar.

Eigendur ferðaþjónustuaðila og margra fyrirtækja í Grindavík lýstu yfir miklum áhyggjum með stöðu mála en þau hafa langflest verið með lokað eða mjög skerta starfsemi undanfarnar vikur vegna jarðhræringa og eldgoss. Sum hafa áhyggjur af því að þurfa að færa starfsemi eða jafnvel loka.

Lilja Alfreðsdóttir, ferðamála-ráðherra kallaði fyrirtækjaeigendur til fundar á Sjómannastofunni Vör þar sem hún vildi heyra beint frá þeim hvernig staðan væri.

Margir fyrirtækjaeigendur stóðu upp og lýstu yfir miklum áhyggjum af stöðu mála. Margar spurningar og ábendingar komu fram sem beint var til ráðherra, m.a. hvernig hægt væri að styðja við fyrirtækin fjárhagslega en þau hafa nær öll verið tekjulaus í nærri tvo mánuði. Var m.a. spurt hvort ekki væri hægt að nýta reynslu úr heimsfaraldri, t.d. með tekjufallsstyrkjum. Einnig hvernig hægt væri að markaðssetja Grindavík þegar bærinn opnaði aftur.

„Þetta var mjög góður fundur og ég fékk að heyra nauðsynlegar upplýsingar sem við munum nýta okkur. Það er ekkert launungarmál að það þarf að vinna betur að

mörgum málum, skilaboð stjórnvalda þurfa að vera skýr og ég mun fara með þessar upplýsingar frá þessum fundi með Grindvíkingum inn á borð ríkisstjórnarinnar. Það þarf að ljúka gerð áhættumats sem skiptir miklu máli en það er ekkert annað í myndinni en að reisa Grindavík við að nýju. Þar eru skapaðar miklar gjalddeyrstekjur, líklega þær mestu í einu sveitarfélagi á Íslandi miðað við höfða-

fjöldi. Við höfum m.a. sett 100 milljónir króna í markaðssetningu í kjölfar þessa ástands sem hefur skapast og við horfum hjartsýn fram á veginn með alla þá miklu möguleika sem eru í Grindavík og í ferðaþjónustunni almennt, sem þessir atburðir hafa vissulega haft áhrif á.“

Ásrún Kristinsdóttir, forseti bæjarstjórnar Grindavíkur, sagðist ánægð með upplýsingarnar sem komu fram á fundinum en ljóst væri að það yrði að fara að taka næstu skref með meiri opnun í bæinn. „Við erum að setja saman starfshóp í samvinnu við ferðamálaráðherra og vonumst til að málin fari að skýrast á næstu dögum og vikum.“



Lilja Alfreðsdóttir, ráðherra ferðamála, efndi til fundar í Grindavík með aðilum í ferðaþjónustu. VF/pket



Stoltir foreldrar með litlu stúlkuna sína. Mynd: Katrín Helga Steinþórsdóttir

## Stúlka fædd á nýársdag fyrsta barn ársins

Fyrsta barn ársins á ljósmæðravaktinni á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja var stúlka sem fæddist kl. 11:54 á nýársdag, 1. janúar 2024. Foreldrar stúlkunnar eru Kristín Helga G. Arnadóttir og Ingimundur Aron Guðnason. Stúlkun er fyrsta barn foreldranna.

Ljósmæður sem voru viðstaddar fæðinguna voru Rut Vestmann og Katrín Helga Steinþórsdóttir og lýsa henni sem yndislegri vatnsfæðingu.

Stúlkun sem fæddist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja var svo sem ekki langt frá því að vera

fyrsta barn ársins á landinu. Það fæddist á Landspítala kl. 09:12 eða tæpum þremur stundum fyrr.

Þó nokkuð annríki hefur verið á ljósmæðravaktinni frá því um jól og nýja árið fer vel af stað, að sögn ljósmóður sem Víkurfréttir ræddu við.

## Eldgos talið líklegast á milli Stóra-Skógfells og Hagafells

Vísbending er um að kvikuþrýstingur sé að byggjast upp og þar með aukast líkur á nýju kvikuhlaupi og einnig eldgosi. Dregið hefur úr hraðanum á landrisinu við Svartsengi. Þetta var staðfest með GPS gögnum sem voru til umræðu á samráðsfundi vísindafólks á vegum Veðurstofunnar á þriðjudagsmorgun.

Það að dragi úr hraða landriss er vísbending um að kvikuþrýstingur sé að byggjast upp og þar með aukast líkur á nýju kvikuhlaupi og einnig eldgosi. Þetta er sambærileg breyting á landriss og fór að sjást í lok dags 15. desember, en þá hófst gos um þremur dögum síðar. Erfitt er þó að fullyrða um hvort að það munstur endurtaki sig.

nettó 4.-7. janúar

- Kjúklingabringur, sous vide 50% 1.935 kr/kg (3.869 kr/kg)
- Vatnsmelóna 25% 232 kr/kg (309 kr/kg)
- Nýtt í Nettó, Buttermilk vegan súkkulaðistykki 15%



Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN BJÖRGVIN STEFÁNSSON**  
skósmiður,



lést á Hrafnistu Reykjanesbæ 28. desember.

Útför hans fer fram frá Keflavíkarkirkju fimmtudaginn 11. janúar klukkan 13.

**Sigurberg Jónsson** **Dagbjört Nanna Jónsdóttir**  
**Stefán Jónsson** **María Sigurðardóttir**  
**Jóhanna Jónsdóttir**  
**Auður Vilhelmsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn

**Allt hreint**  
Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta

## HREINSUM RIMLAGARDÍNUR OG MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [ALLTHREINT.IS](http://ALLTHREINT.IS)

# 16 FERÐIR Á DAG ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**ARGOFLUTNINGAR.IS**

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

## Störf í boði há Reykjanesbæ

**Akurskóli** - Kennari, sérkennari, þroskapjálfi, iðjuþjálfari eða sérfræðingur

**Akurskóli** - forstöðumaður frístundaskóla

**Heilsuleikskólinn Heiðarsel** - Leikskólakennari

**Menningar- og þjónustusvið** - Starfsmaður á Bókasafn

**Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** Almenn umsókn  
**Hefur þú áhuga á að starfa við liðveislur?**

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



Vinna er hafin við varnargarða norðan byggðarinnar í Grindavík. Vinnuvélar eru að störfum allan sólarhringinn en verið er að koma upp tveggja kílómetra löngum varnargarði. Á þessari mynd sem Ingibergur Þór Jónsson tók á miðvikudaginn má sjá byggðina í Grindavík. Upp af henni má sjá vinnuna við varnargarðana og svo hraunið sem rann í eldgosinu sem hófst 18. desember í fyrra.

## Atvinnulífið í Grindavík fer rólega af stað

Ekki verður sagt að mikill kraftur hafi verið í atvinnulífinu í Grindavík á öðrum virka degi á nýju ári, en bæði fer fiskvinnsla að venju rólega af stað eftir áramót því bátarnir eru nýfarnir á sjó, og aðrar atvinnugreinar eru ekki komnar í full afköst eftir hamfarnirnar í nóvember. Vinna við varnargarða fyrir utan Grindavík er hafin í kappi við tímann. Jarðskjálfti að stærð 4,5 reið yfir á miðvikudagsmorgun og er margt líkt með hegðun jarðarinnar núna eins og um daginn þegar eldgos kom upp við Sundhnúka.

Ólafur Már Guðmundson er verkstjóri á smíðaverkstæði Grindarinnar. „Ætli við séum ekki að starfa á u.þ.b. 50% afköstum í dag. Það eru nokkrir starfsmenn ennþá erlendis í fríi svo við hefðum hvort sem er ekki verið komnir á fullt. Við höfum starfsemi um leið og það var leyft en þetta var frekar erfitt til að byrja með fyrst við gátum ekki farið um Grindavíkurlveginn. Einn daginn þurfti ég

að fara fjórar ferðir Nesveginn og eina ferð á Suðurstrandarveginum, þetta tafði auðvitað. Við byrjum klukkan sjö á morgnana en þeir sem búa lengra frá byrja seinna en eru þá líka eitthvað lengur á daginn. Það verður mjög gott þegar lífið kemst aftur í eðlilegar skorður,“ sagði Óli Már.

Vélsmiðja Grindavíkur var með þeim fyrstu sem opnuðu eftir hamfarirnar og voru félagarnir Bjarki Simarsson og Sigurbjörn Elvarsson að sjálfsögðu mættir snemma á miðvikudagsmorgun og buðu upp á rjúkandi kaffi. Kjartan Viðarsson, útgerðarstjóri hjá Vísi var mættur til að sækja nauðsynjar og sagði að engin vinnsla væri komin af stað. „Bátarnir fóru nú bara á sjóinn í gær [þriðjudag] svo það hefði hvort sem er engin vinnsla verið komin í gang. Þetta er búið að vera flókið, þetta er erfitt á meðan fólk þyr ekki á staðnum. Það er erfitt að fá útlendingana til að flytja til Grindavíkur á meðan lögreglustjórinn mælist gegn því að flutt sé til Grindavíkur. Eg var með þeim

fyrstu sem flutti heim fyrir jólin, ég sé ekkert því til fyrirstöðu að flytja aftur heim. Það hefur aldrei verið eldgos undir Grindavík og ég hef engar áhyggjur af því. Eflaust kemur eldgos en þá að öllum líkindum á svipuðum slóðum og um daginn og nú er bygging varnargarða hafin svo það er bara hjart framundan hjá okkur Grindavíkingum. Ég tel mjög mikilvægt að Grindavíkingar flytji heim sem fyrst, þeim mun lengur sem fólk býr annars staðar, þeim mun meiri líkur eru á því að þau skjóti rótum þar, það viljum við ekki að gerist,“ sagði Kjartan.

Að lokum var komið við í Stakkavík og var reynt að ná tali af Hermanni Ólafssyni, framkvæmdastjóra en hann mátti ekkert vera að því að tala við blaðamann og sat sem fastastur inn í lyftaranum og mokaði upp steypu sem hefur verið brotin að undanförunum en miklar skemmdir urðu á húsnæði Stakkavíkur í jarðhræringunum.



Óskum eftir bygginga-, tækni-, eða verkfræðingi í eftirlit með framkvæmdum á starfsstöð Verkís í Reykjanesbæ.

Starfið felur í sér eftirlit með fjölbreyttum framkvæmdaverkefnum s.s. húsbýggingum, samgöngumannvirkjum og veitum.

Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum með góða samskipta- og skipulagshæfni sem sýna metnað, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingafræðingur, tæknifræðingur eða verkfræðingur
- Reynsla af eftirliti eða hönnun í mannvirkjagerð er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar veita:

Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, [aoa@verkis.is](mailto:aoa@verkis.is) og Guðrún Jóna Jónsdóttir, [gjj@verkis.is](mailto:gjj@verkis.is).

Umsóknarrestur er til og með 10. janúar 2024



# ÚTSALA

# ÚTSALA

# ÚTSALA

## 20-70% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

**50-70% JÓLAVÖRUR 40% LEIKFÖNG OG  
SPIL 30% PLASTBOX 25% SMÁRAFTÆKI**  
(ekki MI og Xiaomi) **25% VALINN SNICKERS  
VINNUTATNAÐUR 30% TACTICS VERK-  
FÆRABOX, TACTIX HANDVERKFÆRI**  
**50% VALIN LJÓS 30-50% VALIN  
HARÐPARKET OG FLÍSAM**  
**...OG MARGT ANNAÐ**

**ÞÚ SÉRÐ  
ÖLL  
TILBOÐIN  
Á BYKO.IS**



# BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



## Kári Snær dúx á haustönn FS

Brautskráning haustannar og skólaslit Fjölbrautaskóla Suðurnesja fóru fram miðvikudaginn 20. desember. Veturinn minnti vel á sig þennan dag og ekki má gleyma að athöfnin fór fram á meðan eldgos stóð yfir í nágrenninu. Útskriftarnemendur og fjölskyldur þeirra létu það ekki á sig fá og fögnuðu áfanganum saman.

Að þessu sinni útskrifuðust 38 nemendur; 33 stúdentar, fimm úr verknámi og sex úr starfsnámi. Þess má geta að sumir luku prófi af fleiri en einni braut. Karlar voru 23 en konur 15. Alls komu 24 úr Reykjanesbæ, níu úr Suðurnesjabæ, þrjár úr Grindavík, einn úr Hafnarfirði og einn úr Reykjavík.

Dagskráin fór fram á sal skólans og var með hefðbundnu sniði en athöfninni var einnig streymt. Kristján Ásmundsson, skólameistari, afhenti prófskírteini og flutti ávarp og Guðlaug Pálsdóttir, aðstoðarskólameistari, flutti yfirlit yfir störf annarinnar. Matthildur Júlía Matthíasdóttir, nýstúdent, flutti ávarp fyrir hönd brautskráðra og Íris Jónsdóttir, myndlistarkennari, flutti útskriftarnemendum kveðjuræðu starfsfólks. Að venju var flutt tónlist við athöfnina en þar lék Almar Örn Gærðbo Arnarson á trompet, Ívar Snorri Jónsson á píanó og Vilhjálmur Páll Thorarensen á bassa. Viktoria Isolde Nooteboom lék svo

á píanó en þau eru öll núverandi og fyrrverandi nemendur skólans og nemendur í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Við athöfnina voru veittar viðurkenningar fyrir góðan námsárangur og þátttöku í félagslífi og má sjá nöfn verðlaunahafa á vef VÍKURFRÉTTA. Kristján Ásmundsson, skólameistari, afhenti 100.000 kr. námsstyrk úr skólasjóði en hann er veittur þeim nemanda sem er með hæstu meðaleinkunn við útskrift og hlaut Kári Snær Halldórsson styrkinn. Kári hlaut einnig 30.000 kr. styrk frá Landsbankanum fyrir hæstu einkunn á stúdentsprófi en hann útskrifaðist




af raunvísindabraut með 9,32 í meðaleinkunn.

Ragnheiður Gunnarsdóttir afhenti við athöfnina styrki úr styrktarsjóði Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Sjóðurinn var stofnaður af Kaupfélagi Suðurnesja og Gunnari Sveinssyni, fyrrverandi kaupfélagsstjóra og fyrsta formanni skólamefnar Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Tilgangur sjóðsins er að efla og auka veg skólans með því að styrkja nemendur skólans til náms, að styðja við starfsemi sem eflir og styrkir félagsþroska nemenda og að veita útskriftarnemendum viðurkenningar fyrir frábæran árangur í námi og starfi. Þau Ástríður Auðbjörg Halldórsdóttir, Birgitta Fanney Bjarnadóttir, Steinunn Helga Pálsdóttir og Justas Augustínaitis fengu öll 30.000 kr. styrk fyrir góða frammistöðu í tjáningu og ræðumennsku.



Fjórir nemendur fengu styrk úr Styrktarsjóði FS.



Matthildur Júlía Matthíasdóttir, nýstúdent, flutti ræðu útskriftarnema.



Íris Jónsdóttir, myndlistarkennari, flutti kveðuræðu til útskriftarnema.



Að þessu sinni útskrifuðust 38 nemendur; 33 stúdentar, fimm úr verknámi og sex úr starfsnámi

## Brosandi vinningshafar í Jólalukku VF

Yfir sexþúsund vinningar voru „skafóir“ í Jólalukku VÍKURFRÉTTA 2023. Þá voru 62 vinningar dregnir út úr mörg þúsundum miða sem skilað var í Nettó. Þar á meðal voru veglegir vinningar eins og sjónvörp, inneignir í Nettó, hótelvinnningar, raftæki og fleira.

Á vf.is og í prentútgáfu VÍKURFRÉTTA milli jóla og nýárs eru nöfn allra vinningshafa úr útdráttunum þremur. Vakinn er athygli á því að sækja þarf suma vinninga fyrir ákveðinn tíma.



Sonja Ósk Sverrisdóttir fékk forlata borvélaset frá Húsmiðjunni sem Gísli Jóhannsson, verslunarstjóri, afhenti henni, klæddur jólajakkaötum.



Hildur Kristjánsdóttir „Skóf“ flotta hrærivél frá Húsmiðjunni.



Sara Guðmundsdóttir var ánægð með sjónvarpið sem hún vann.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR JÓNSSON**  
Kirkjuteigi 1, Keflavík,



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 26. desember.  
Útför fer fram frá Keflavíkirkirkju mánudaginn 8. janúar klukkan 13.

Þorvarður Guðmundsson    Ingunn Pedersen  
Unnur Guðmundsdóttir    Ásgeir Þórðarson  
Gunnar Guðmundsson    Tinna Magnúsdóttir  
Fríða Ragna Ingvarsdóttir  
barnabörn og fjölskyldur.



Ljósmynd Guðmundur Helgi Albertsson

**HS VEITUR**

Óskum viðskiptavinum  
og landsmönnum öllum  
farsældar á nýju ári

Við munum áfram kappkosta  
að færa þér þægindin heim

[hsveitur.is](http://hsveitur.is)



## ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



V K S Ó N R A T N A R I N G Ó  
 A R A G A Æ R U N O K N I V É  
 R U M Ú L T B L S K U P E Ú S  
 N D A T G T Ú G K A L Ð E S G  
 A L Ú D E G Æ P Ð R U Ð M R E  
 R Ö M B R A N G A R Ú G I T G  
 G N S O G D L E S Ó É N L Æ G  
 A A T G Ö S T L A R D G M É J  
 R G N A L S Æ G S A T P U I A  
 Ð A B D H G J L V M R P R M Ð  
 U S A G Ð Ú M Í S G T Ý M Ý U  
 R Ð A I G S K T Ú G N A G R R  
 I R R S É U P R U D N U H D Ó  
 N A P A R Ó S I D L I M P N R  
 B J Ö R G U N H S I R D N A L

ÓVEÐURSLÆGGIR  
 GÆSLAN  
 LÖGREGLAN  
 VARNARGARÐURINN  
 LANDRIS  
 ANDRÝMI  
 GRINDAVÍKUR  
 ELDGOS  
 VINKONUR  
 RAGNAR

PUNG  
 ILMUR  
 JARÐSAGAN  
 ÓGNIR  
 BJÖRGUN  
 HUNDUR  
 EBLA  
 NÖLDUR  
 URÐ  
 GEGGJAÐUR

Gangi þér vel!

## Jólahús Reykjanesbæjar 2023 að Borgarvegi 20

Menningar- og þjónusturáð Reykjanesbæjar fékk það skemmtilega verkefni að útnefna jólahús Reykjanesbæjar árið 2023 úr tilnefningum sem bárust frá íbúum. Á vef Reykjanesbæjar kemur fram að ráðið vill hrósa íbúum fyrir augljósan metnað þegar kemur að jólaskeytingum og þakkar þeim sem sendu inn tilnefningar en þær voru fjölmargar og átti ráðið fullt í fangi með að keyra um bæinn og taka út stór-glæsileg jólahús.

Keppnin var ansi hörð og mörg hús sem komu til greina en að þessu sinni er það Borgarvegur 20 sem hlýtur nafnbótina jólahús Reykjanesbæjar 2023. Eigendur hússins eru þau Harpa Guðmundsdóttir og Einar Guðmundsson. Jólahúsið að Borgarvegi hefur verið einstaklega fallega skreytt til margra ára og var ráðið sammála um að húsið kallaði svo sannarlega fram „VÁ faktorinn“ hjá þeim sem það sæju.

Það var Þórdís Ósk Helgadóttir, sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, sem færði eigendum jólahússins viðurkenningu frá Húsasmíðjunni og Reykjanesbæ í Aðventugarðinum á Þorláksmessukvöld.

Á vef bæjarins segir að íbúar í Reykjanesbæ eru margir hverjir sannkölðuð jólabörn og leggja mikinn metnað í jólaskeytingar. „Það er einstaklega gaman að taka rúnt um bæinn og skoða þessar fallegu skreytingar. Þar sem bærinn okkar stækkar stöðugt geta glæsilegar jólaskeytingar leynst víða og því þótti tilvalið að smella í lauffléttan jólaleik þar sem íbúar gátu



komið með tillögur að jólahúsi Reykjanesbæjar. Allt var þetta fyrst og fremst hugsað til skemmtunar og til að vekja athygli á því sem vel er gert hjá íbúum Reykjanesbæjar en Húsasmíðjan styður við bakið á uppátækinu með gjafabréfi til eigenda jólahússins,“ segir í færslu bæjarins.

## Engin breyting á heildarskattbyrði íbúa

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar hefur samþykkt að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%. Engin breyting verður á heildarskattbyrði íbúa þar sem tekjuskattshlutfall einstaklinga lækkar á móti.

Vert er að taka fram að gagnvart íbúum verður engin breyting á heildarskattbyrði þar sem tekjuskattshlutfall einstaklinga lækkar á móti.

Samkvæmt fyrirbyggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga frá 15. desember 2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar, var eftirfarandi tillaga lögð fram og samþykkt samhljóða:

„Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrir-

byggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, sem byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, samþykkir bæjarstjórn Suðurnesjabæjar að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.

Bæjarstjórnir Reykjanesbæjar, Grindavíkur og Sveitarfélagsins Voga hafa einnig samþykkt að útsvar verði 14,97% á árinu 2024. Eins og í Suðurnesjabæ er vísað til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirbyggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga.

## SUÐURNESJA magasín

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

### Bílaviðgerðir Smurþjónusta Varahlutir

#### BÍLAR & PARTAR



Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

### Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:  
 11-13:30  
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN  
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

## Landanir á Suðurnesjum árið 2023

Þar sem nýtt ár er komið þýðir það að framundan er vetrarvertíðin 2024 – og miðað við hversu góður desembermánuður var þá má búast við ansi góðri vertíð.

Árið 2023 var heilt yfir nokkuð gott fyrir landanir á Suðurnesjum, fyrir utan þessi miklu áföll sem komu fyrir Grindavík og sér ekki fyrir endann á.

Í þessum pistli ætla ég að fara yfir þessi þrjú bæjarfélög á Suðurnesjum og hvað kom á land í þessum bæjum.

Byrjum í Grindavík. Þar voru landanir 1.320 og bátarnir sem lönduðu í Grindavík voru alls 92. Sumir bátanna þar lönduðu aðeins í eitt skipti. Samtals kom á land í Grindavík alls 32.226.000 tonn (rúm 32 þúsund tonn). Kemur kannski ekki á óvart að aflahæsti báturinn í Grindavík var frystitogarinn Tómas Þorvaldsson GK sem landaði þar 3.900 tonnum, næstur á eftir honum var Sturla GK með 3.573 tonn, Sighvatur GK og Vörður PH báðir með um 2.740 tonn og Hrafn Sveinbjarnarson GK með 2.708 tonn.

Aflalægstu bátarnir í Grindavík árið 2023 voru; Dolly RE 104 með 140 kíló, Una KE 22 með 354 kíló og Spói RE 3 með 394 kíló, allir eftir eina veiðiferð.

Í Keflavík/Njarðvík voru alls 28 bátar sem lönduðu afla og þar komu á land alls 3.297 tonn. Langmestur hluti af þessum afla var eftir netabátana sem Hólmgrímur á og gerir út og síðan Erling KE. Mestum afla í þessum höfnum landaði Erling KE, um 900 tonnum, þar á eftir kom togarinn Sóley Sigurjóns GK með um 550 tonna afla, Friðrik Sigurðsson



ÁR með um 500 tonna afla og Maron GK með um 400 tonna afla. Nokkrir bátar lönduðu eina löndun og Hólmsteinn GK var með minnsta aflann, eða 71 kíló í einni löndun, Stakasteinn GK kom þar rétt á eftir með 93 kíló í einni löndun.

Sandgerði var ein af stærstu löndunarhöfnum Íslands árið 2023 en þar voru landanir alls 2.465 og bátarnir sem lönduðu þar voru alls 122. Samtals komu á land í Sandgerði árið 2023 10.363.000 tonn (rúm 10 þúsund tonn). Í Sandgerði var Sigurfari GK aflahæstur með um 1.500 tonna afla, Siggí Bjarna GK var með um 1.350 tonn, Benni Sæm GK um 1.300 tonn og Margrét GK með um 1.200 tonn en Margrét GK er á línu og réri til að mynda frá því í ágúst 2023 og alveg til áramóta, allan tímann frá Sandgerði og gekk mjög vel að veiða.

### AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson  
 gisli@afllafrettir.is



Yfir strandveiðitímabilið voru mjög margir bátar sem réru frá Sandgerði og var Sandgerði næststærsta verstöðin yfir strandveiðitímabilið 2023, einungir Patreksfjörður var stærri. Sá bátur sem minnstum afla landaði í Sandgerði var Pontus HF sem kom með 303 kíló, Hraunsvík GK landaði 402 kílóum og Bergdís HF kom með 452 kíló.

Eins og undanfarin ár var ekki einu gramm af uppsjávarfiski (síld, kolmuna og loðnu) landað á Suðurnesjunum en nokkrum tonnum af makríl sem færabátar veiddu var landað í Keflavík í ágúst og fór mestur sá afli í beitu fyrir línubátana á svæðinu.



**ENDUR  
MENNTUN**  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Komdu huganum

# á hreyfingu!

Endurmenntun Háskóla Íslands er í fararbroddi í endur- og símenntun á Íslandi. Skoðaðu fjölbreytt úrval námskeiða og lærðu eitthvað nýtt á nýju ári.



#### Landnámabók

þrjár dagsetningar, tvö í staðnámi og eitt í fjarnámi



#### Íslensk myndlist í 150 ár

málverk, skulptúr, gjörningar og umhverfislist




#### Stjörnufræði og stjörnuskoðun

með hverri skráningu fylgir ókeypis sæti fyrir eitt ungmenni, 12–18 ára



#### Jarðfræði Íslands

opið námskeið í leiðsögunámi



#### Lífríki Íslands

opið námskeið í leiðsögunámi

Skoðaðu fjölbreytt úrval námskeiða á [endurmenntun.is](https://endurmenntun.is)









Grindvíkingar fóru misilla út úr jarðhræringunum þann 10. nóvember en fáir líklega eins illa eins og hjónin Margrét Hulda Guðmundsdóttir og Andri Helgason. Húsið þeirra á Víkurbraut er ónýtt eins og mörg húsanna þar og til að bæta gráu ofan á svart, eru þau með húsnaðislán sitt hjá lífeyrissjóði en eins og landsmenn hafa tekið eftir, segjast lífeyrissjóðirnir ekki geta fellt niður verðbætur og vexti af lánum, eins og bankarnir hafa gert.

■ Getur ekki hugsað sér að búa lengur í Grindavík

# Húsið ónýtt og lánið hjá lífeyrissjóði

**Óraði aldrei fyrir því að hugsanlega myndi byrja gjósa undir fótunum á okkur**

Margrét og Andri keyptu húsið í júní á síðasta ári og voru nýbúin að borga síðustu útgreiðsluna, þegar þau þurftu að flýja heimilið. Margrét getur ekki hugsað sér að flytja aftur til Grindavíkur. Þau höfðu einnig fjárfest í húsi í Danmörku síðasta sumar en Margrét hafði áður búið þar árið 2004 og dreymir um að búa þar aftur. „Við höfðum búið í Hafnarfirði en gátum keypt okkur húsnaði í Grindavík og ákváðum því að slá til og nýttum mismuninn í hús í Danmörku. Við vinnum bæði á höfuðborgarsvæðinu en keyrðum á milli til að geta stundað vinnuna áfram, okkur fannst það ekkert mál. Við vissum af jarðhræringunum undanfarin ár en vorum ekkert hrædd við jarðskjálftana en okkur óraði aldrei fyrir því að hugsanlega myndi byrja gjósa undir fótunum á okkur eða að húsið myndi fara eins illa og það fór. Við vorum stödd heima hjá okkur föstudaginn örlagaríka sem var ekkert venjulegur og ákváðum að fara til vana í Reykjavík til að gista þetta kvöld og fórum um níuleytið, tókum það helsta en sonur minn varð eftir en þurfti svo að rýma eins og aðrir Grindvíkingar. Þá var búið að myndast ein lítil sprunga í svefnherberginu en hún var bara eins og eftir dúkahníf.

**Aldrei átti ég von á þeirri aðkomu sem beið mín**

Við komum svo á mánudeginum til að sækja það helsta og ég bjó mig undir ýmislegt en aldrei átti ég von á þeirri aðkomu sem beið mín, hún var hræðileg! Ég var með miða með fimm hlutum sem ég ætlaði mér að sækja á þeim fimm mínútum sem voru í boði með björgunarsveitarfólki en þegar við komum var búið að hleypa fólki inn á sínum bílum, sem gaf okkur færi á að bjarga aðeins meira en þessum fimm hlutum.

Við þurftum að sparka upp útdyrhurðina og hallinn á gólfum var strax orðinn ansi mikill, gólfíð var hreinlega orðið U-laga. Það er veggur á móti fyrsta herberginu þegar inn er komið og það var mjög stór sprunga búið að myndast í hann, ég hefði getað komið hendinni á milli. Ég sá fljótt að húsið væri ónýtt og varð einfaldlega fyrir ansi miklu áfalli en ákvað fyrst að bjarga og svo að sjokkerast. Dagarnir síðan þá hafa farið í að kanna okkar stöðu, bæði hvað varðar Náttúruhamfaratryggingu Íslands (NHT) og svo lánamál okkar en við erum með húsnaðislánið okkar hjá Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. Við fylgdumst með umræðunni og fljótlega gáfu bankarnir eftir og sögðust líka fella niður vexti og verðbætur en lífeyrissjóðirnir telja sig ekki geta gert það vegna þess að löginn banna þeim það. Ég þykist nú vita að lögum hafi oft verið breytt til að liðka fyrir málum og finnst



skrýtið að alþingi geti ekki beitt sér í þessu máli.“

**Að vita af virku hraunflæði undir mér er tilhugsun sem ég mun ekki geta vanist**

Ekki nóg með að Margrét og Andri væru í þessari stöðu, heldur virtist líta út fyrir að þau þyrftu að fjárfesta í Grindavík fyrir tryggingarbæturnar frá Náttúruhamfaratryggingu. „Okkur leist mjög vel á okkur í Grindavík en ég get ekki hugsað mér að búa þar

lengur eftir þennan örlagaríka föstudag. Að vita af virku hraunflæði undir mér er tilhugsun sem ég mun ekki geta vanist og mun því ekki flytja hingað aftur. Þess vegna var mjög íþyngjandi það fyrsta sem við fengum að heyra varðandi tryggingabæturnar, að við yrðum að fjárfesta í Grindavík en eftir fyrirspurn í tollhúsinu fengum við staðfest að NHT muni ekki nýta sér þá heimild gagnvart okkur Grindvíkingum. Í lögnum er líka heimild hjá viðkomandi bæjarfélagi að halda eftir 15% af bótafjárhæðinni ef flutt er úr bænum en okkur hefur verið sagt að Grindavíkurbær muni ekki nýta sér þá heimild heldur svo okkur er frjálst að setjast að þar sem við viljum. Upplýsingagjöfin í upphafi var í ansi mikilli óreiðu sem var ekki til að bæta ástandið ofan á sjálft áfallið eftir svona stóran atburð en sem betur fer eru komnar skýrar línur í þetta og við getum horft fram á veginn. Mér finnst athyglisvert að bæði NHT og Grindavíkurbær gátu sveigt fram hjá lögum en lífeyrissjóðirnir geta það ekki, skrýtið,“ segir Margrét.

**Hræðslan í dag er of mikil fyrir að vera búsett áfram í Grindavík**

Það er ljóst að þau hafa samt orðið fyrir nokkurra milljóna króna tapi því brunabótamat

hússins er lægra en kaupverðið, sjálfsábyrgðin er 400 þúsund krónur og svo er spurning hvernig verður með innbúið þar sem allt var í raka og gufu við fyrstu komu eftir rýmingu og það því líklega ónýtt. „Við erum ofboðslega þakklát fyrir að fá þetta val og frelsi, að geta valið okkur annan stað til frambúðar þar sem hræðslan í dag er of mikil yfir að vera búsett áfram í Grindavík. Það er greinilega margt frábært fólk sem vinnur fyrir Grindavíkurbæ og við höfum ekkert nema gott um Grindavík að segja, ég get bara ekki hugsað mér að búa þar lengur vegna jarðhræringanna. Hvernig mál okkar enda hjá lífeyrissjóðnum verður svo bara að koma í ljós en vonandi verður hægt gera upp það lán við fyrsta tækifæri. Ég bar upp spurningu á íbúafundinum í Laugardalshöll sem forstjóri Náttúruhamfaratryggingar, Hulda Ragnheiður Árnadóttir, hafði ekki svar við á staðnum en ég fékk svar við því daginn eftir svo hún fór hratt í það mál. Ég spurði hvort við þyrftum áfram að borga af tryggingunni þótt svo að búið væri að dæma húsið ónýtt og beindi því til NHT ásamt því að spyrja hver myndi beita sér gegn lífeyrissjóðnum. Ég spurði hvort við þyrftum að halda áfram að greiða af láni af húsi sem er ónýtt eða hreinlega fá sömu meðferð og þau sem eru með lán hjá bönkunum, spurningin átti að beinast að Sigurði Inga en enginn vildi svara þeirri spurningu. Hulda endaði á að segja að þau mál yrðu skoðuð sérstaklega og verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr því.

Við viljum senda þakklæti til allra sem hafa komið að þessum málum og aðstoðað okkur og sérstakar þakkar fá nágrannar okkar sem hafa verið okkur innan handar. Björgunarsveitarfólkið hefur líka staðið sig frábærlega og fyrir það erum við þakklát en nú ætlum við að taka smá æðruleysi á þetta og óskum öllum Grindvíkingum góðs gengis í sínum málum,“ sagði Margrét að lokum.





# samkaup

Hefur þú áhuga á að starfa í upplýsingatækni?



Upplýsingar um laus störf  
hjá Samkaupum er að finna á [samkaup.is](http://samkaup.is)

**samkaup**

Krossmóa 4, 260 Reykjanesbær  
kt. 571298-3769  
S: 421-5400  
[samkaup@samkaup.is](mailto:samkaup@samkaup.is)  
[samkaup.is](http://samkaup.is)



JAFNLAUNAVOTTUN  
2022-2025



**Samkaup hf.** hefur hlotið titilinn Menntafyrirtæki atvinnulífsins 2022 og einnig jafnlaunavottun Jafnréttisstofu.

**Samkaup hf.** rekur yfir 60 verslanir víðsvegar um landið. Þær spanna allt frá lágvöruverðsverslunum til þægindaverslana. Helstu verslunarmerki Samkaupa eru: Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin og Iceland. Hjá félaginu starfa um 1.400 starfsmenn í rúmlega 700 stöðugildum.

**Samkaup** státar af öflugri jafnréttisstefnu sem nær ekki einungis til jafnréttis kynjanna heldur beinist einnig að hinsegin starfsfólki, erlendu starfsfólki og starfsfólki með skerta starfsgetu. Jafnréttisstefnan kallast **Jafnrétti fyrir alla – Samkaup alla leið!** og er stefna sem er unnið markvisst eftir á öllum starfsstöðvum Samkaupa.

**nettó** **Iceland** **KJÖRBÚÐIN**

**Krambúðin**



VF/JPK

# Furðufugli DREYMDI FYRIR ELDGOSUM

„Þegar allir töluðu um að það myndi fara gjósa í Eldvörpum, sagði ég að gosið myndi koma upp hjá Sundhnúkum,“ segir Eyjólfur Vilbergsson sem hefur lengi verið einkar berdreyminn en árið 2020 dreymdi hann fyrir eldgosunum sem hafa sprottið upp síðan þá.

**VF GRINDAVÍK**

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vt.is



Eyjólfur fékk viðurnefnið Draumajolli eftir að hann dreymdi fyrir gengi Grindavíkurlíðsins í knattspyrnu sem náði í þrígang að bjarga sér frá falli úr efstu deild. Eyjólfur hefur skipað sér á sess með bestu fuglaljósmyndurum landsins og hafa áfáir furðufuglarnir heimsótt hann í garðinn því hann hefur lengi gefið fuglunum að borða.

## Draumurinn endar á Sundhnúkum

Það var um sumarið 2020 sem Eyjólfur dreymdi fyrir eldgosunum og til að sanna mál sitt, fékk hann sér göngutúr og tók myndir. „Í draumnum stóð ég uppi á Langahrygg og það skiptir engum togum, það fer að gjósa niðri í Geldingadölum. Svo kemur upp annað eldgos fyrir austan Langahrygg og að lokum kemur upp eldgos við Sundhnúka. Þegar mig hefur dreymt fyrir hlutum, hafa þeir sjaldan verið eins skýrir eins og þessir og ég ákvað að fá mér göngutúr um svæðið og mynda það, gaman að eiga þessar myndir í dag því landslagið breyttist auðvitað mjög mikið með tilkomu eldgosanna. Í aðdraganda eldgosins við Sundhnúka var umræðan mest á þann veg að eldgos kæmi upp í Eldvörpum en ég sagði fólki allan tímann að það myndi koma upp hjá Sundhnúkum. Ég hef verið spurður að því hvort Grindvíkingum sé óhætt að flytja aftur til bæjarins en það get ég ekki sagt til um. Eldgosin eru orðin fjögur í heildina en mig dreymdi samt bara fyrir þremur en hraunið af eldgosum tvö og þrjú runnu saman svo draumurinn stendur. Ég treysti mér ekki til að segja til um hvort síðasta eldgosid sé komið upp við Sundhnúka og sýnist því



Geldingadalir

miður að svo sé ekki, það er bara spurning hvar það komi upp. Það gæti auðvitað gosið nær Grindavík og hraunið runnið þangað en draumurinn minn endar bara við Sundhnúka. Mig hefur ekki dreymt meira og satt best að segja vona ég að þessu berdreymi mínu varðandi eldgos sé lokið.“

## „Sagðirðu skít?“

Berdreymi Eyjólfss kom í ljós strax á unglingsárum og oft vissi hann þegar hann vaknaði, hvernig viðkomandi dagur yrði. Hann byrjaði ungur til sjós og þegar hann var orðinn skipstjóri fékk hann eitt tækifæri hjá draumagudunum en hann fór ekki eftir draumnum þá og skipstjórnarnir sem fóru á þann stað sem draumurinn sagði til um, fylltu bátana sína. Eins og í myndinni Nýtt líf, fjallaði sá draumur Eyjólfss ekki um skít og hann man viðkomandi draum ekki alveg og sér eftir því að hafa ekki farið eftir honum því það var eins og draumagudirnir hafi yfirgefið hann hvað varðar aflabrögð, fyrst hann fór ekki eftir draumnum þann daginn.

Fyrir aldamót vakti Eyjólfur verðskuldaða athygli í Grindavík, þegar hann náði að segja til um að Grindavíkurlíðið í knatt-

”

Í draumnum stóð ég uppi á Langahrygg og það skiptir engum togum, það fer að gjósa niðri í Geldingadölum. Svo kemur upp annað eldgos fyrir austan Langahrygg og að lokum kemur upp eldgos við Sundhnúka. Þegar mig hefur dreymt fyrir hlutum, hafa þeir sjaldan verið eins skýrir eins og þessir og ég ákvað að fá mér göngutúr um svæðið og mynda það, gaman að eiga þessar myndir í dag því landslagið breyttist auðvitað mjög mikið með tilkomu eldgosanna.

spyrnu sem þá var í efstu deild, myndi halda sæti sínu. Hann fékk viðurnefnið Draumajolli út frá þessu því það nafn rataði í texta í stuðningsmannalagi sem Kalli Bjarni samdi fyrir knattspyrnuhlíð Grindvíkinga, það liggur í loftinu. Í textanum segir; „A spekingana



© Eyjólfur Vilbergsson

reynir, Draumajolla dreymir fyrir sigurmarkinu, liggur það í loftinu?“ „Sumarið 1996 vorum við í bullandi fallbaráttu en þá dreymdi mig að ég hefði verið með Sigga Nonna á Hrauni í tveggja hæða húsi. Við vorum eitthvað í glasi, vorum staddir úti á svölum og duttum en rétt náðum að halda okkur í handriðið og hífa okkur upp. Ég sagði við leikmenn áður en þeir fóru í lokaleikinn á móti Leiftri á Ólafsfirði, „ekki gefast upp, þið munið redda þessu á síðustu andartökum leiksins!“ Grétar heitinn Einarsson skoraði sigurmarkið í leiknum nokkrum sekúndum áður en dómariinn flautaði leikinn af. Þeir sem ég sagði frá draumnum, sögðu að það hefði ekki verið hægt að lýsa þessu betur eftir leikinn en ég gerði fyrir hann,“ segir Draumajolli.

## Rauður bátur sekkur

Árið 1998 dreymdi Eyjólfur að hann væri að koma siglandi með Dóra í Vík [Halldór Þorláksson] á Þorsteini Gíslasyni. „Mér fannst Dóri vera sigla upp í fjöru og varaði hann við svo hann afstýrði því. Aftur þurfti ég að vara hann við og aftur náði hann að beygja áður en við strönduðum. Þegar við beygðum saum við varðskip sem var að sigla suður á bóginn. Þegar ég vaknaði þennan morguninn sem

var sama dag og lokaumferðin var leikin, var ég viss um að Þórarinn Ólafsson myndi skora tvö mörk í leik okkar á móti Fram og tryggja okkur sigur sem myndi tryggja sæti okkar í deildinni. Ég var líka viss um að ÍBV myndi hampa Íslandsmeistaratitlinum, ég túlkaði varðskipið siglandi til Vestmannaeyja með Íslandsmeistaratitlinum. Ég var á leiknum okkar og sem betur fer hafði ég sagt nokkrum frá draumnum, þeir sögðu að eina von okkar í leiknum, væri draumurinn minn. Grindavík var komið undir og Þóri skoraði tvö mörk sem tryggðu sæti okkar í deildinni.

Árið 1999 dreymdi mig fyrir lokaleikinn að rauður bátur hafi verið að sigla inn til Grindavíkur en hann sökk rétt fyrir utan Grindavík. Þar sem ég vissi að Grindavík ætti Val í lokaleiknum var ég aldrei stressaður um hvort liðið myndi falla, enda kom það á daginn að Valur féll í fyrsta skipti og þar með var Grindavík eina liðið á Íslandi sem hafði aldrei fallið niður um deild. Draumarnir eru samt ekki alltaf jákvæðir, árið 2006 dreymdi mig að við hefðum misst stóra lúðu í höfnina og þar með var ég smeykur enda féll Grindavík það ár en svo dreymdi mig að við hefðum náð lúðunni aftur ári síðar og eins og við manninn mælt, Grindavík komst aftur upp í efstu deild.“



© Eyjólfur Vilbergsson



# FUGLARNIR Í LÍFI EYJÓLF'S



Kjarnbítur.



Glóbrystingur.



Fjallafinka.



Barrspæta.



Bjarthegri.

”Árið 1999 dreymdi mig fyrir lokaleikinn að rauður bátur hafi verið að sigla inn til Grindavíkur en hann sókk rétt fyrir utan Grindavík. Þar sem ég vissi að Grindavík ætti Val í lokaleiknum var ég aldrei stressaður um hvort liðið myndi falla, enda kom það á daginn að Valur féll í fyrsta skipti og þar með var Grindavík eina liðið á Íslandi sem hafði aldrei fallið niður um deild.

ería byrjaði ekki almennilega fyrr en um aldamótin þegar stafræna tæknin kom. Ég hef ekkert lært í þessu, hef bara fíkað mig áfram og kannski má segja að fuglaljósmyndun sé mín sterkasta hlið. Sá áhugi kom líklega út frá ótal heimsóknum fugla í garðinn hjá mér því ég hef verið að gefa fuglunum frá því að stelpurnar mínar voru litlar en þær eru báðar komnar yfir fimmtugt í dag. Þetta er einfaldlega orðið stórt áhugamál hjá mér og líður varla sá dagur án þess að ég gefi ekki fuglunum og telst mér til að 54 fuglategundir hafi gætt sér á góðmetinu sem ég lét frá mér. Margar sjaldgæfar tegundir hafa komið, eins og Turtildúfa, Fjallafinka, Glóbrystingur, Kjarnbítur, Bjarthegri, Barrspæta og Fléttuskríkja svo dæmi séu tekin. Páfagaukar hafa sloppið úr búrum sínum hér í Grindavík og eru komnir um leið til mín, ég hef mjög gaman af þessu. Ég var laglega fljótur að koma mér heim til Grindavíkur þegar það var leyft, ég var ómögulegur að geta ekki gefið fuglunum mínum. Ætli ég sé ekki bara óttarlegur furðufugl,“ sagði Eyjólfur að lokum.

**Furðufuglar**  
Eyjólfur fékk myndavél frá systkinum sínum í fermingargjöf og fékk þá strax áhuga á ljósmyndun. Í dag er hann á meðal færari fuglaljósmyndara á landinu. „Þessi bakt-

Daglegar fréttir  
**vf.is**

## Jóla útsala

**30-50%**

Gildir ekki af ferskvöru og skreytingum

Jóla ljós **30-50%** • Jóla seritur **30%** • Ljósahúsi **50%** • Adventljós **30-50%** • Gervijólatré **30%** • Jóla kert **30%** • Kerti **30%** • Serviettur **30%** • Jóla serviettur **30%** • Jóla kúllur **30-50%** • Jóla ljengjur **30%** • Jóla kransar **30%** • Jóla skreytingaefni **30%** • Jóla trésdúkar **30%** • Jóla kertastjakar **30-50%** • Jóla stytur **30-50%** • Jóla pappir og pakkabönd **30%**

## Super Útsala

Skoðaðu útsöluþaðið 

Vefverslun **Sendum um land allt** 

**Super Útsala**

HÚSASAMMIÐJAN blómaval

**LAUFEN** Veggskál 46.490 kr

**JOTUN** Lady Balance hvítur stofn 15.594 kr

**JOTUN** Lady Pure Color 8.990 kr

**damixa** Handlaugartæki 12.990 kr

**40%** Gallet Örbylgjuofn Gallet 1893000 **9.990 kr**

**25%** AEG Þvottavél 1860550 **94.425 kr**

**30%** tescoma Segulstandur fyrir hnifa 2002191 **3.908 kr**

**50%** HIKOKI Borvél 18V DS18DD 5246694 **32.998 kr**

**30%** osann Barnabílstóll 3000807 **28.553 kr**

Þú getur verið misjafnt milli verslana. Þú getur verið misjafnt milli verslana. Þú getur verið misjafnt milli verslana.



# Íþróttarársráð 2023

## Logi var funheitur á golfvellinum



Logi Sigurðsson úr Golfklúbbi Suðurnesja var heitur í golfinu á síðasta ári, hann varð í annað sinn klúbbmeistari GS, tryggði sér Íslandsmeistararitilinn í golfi með sigurpútti á lokaflokknum á Íslandsmótinu og endaði sem stigameistari GSÍ 2023.

„Ég var mjög heitur á púttinum. Púttinn skópu þennan sigur hjá mér,“ sagði Logi í viðtali eftir sigurinn á Íslandsmótinu þar sem hann lék holurnar 72 á elleftu höggum undir pari en mótsmetið á Íslandsmóti er þrettán undir pari.

Logi sagði það hafa skipt sköpum fyrir sig að hafa þessa sinn, Sigurð Sigurðsson, sem kylfusvein alla dagana en Sigurður varð sjálfur Íslandsmeistari árið 1988.



Feðgarnir unnu vel saman á Íslandsmótinu.

## Massaár hjá kraftlyftingafólki

Massi átti fimm Íslandsmeistarar og tvö Íslandsmet á Íslandsmeistararamótinu í réttstöðulyftu sem fór fram á Akureyri í maí á síðasta ári.

Í klassískri réttstöðulyftu karla varð Sindri Freyr Arnarsson Íslandsmeistari í -74 kg flokki þegar hann lyfti 232,5 kg og Hörður Birkisson setti tvö Íslandsmet í sínum aldursflokkum þegar hann lyfti 192,5 kg og 200 kg.

Í klassískri réttstöðulyftu kvenna varð Guðrún Kristjana Reynisdóttir Íslandsmeistari í -63 kg flokki þegar hún lyfti 130 kg, Þóra Kristín Hjaltadóttir varð Íslandsmeistari í -84 kg er hún lyfti 150 kg, hún varð einnig Íslandsmeistari í -84 kg í réttstöðu með búnaði og lyfti því sex lyftum þann daginn, og Elsa Pálsdóttir varð Íslandsmeistari í -76 kg flokki er hún lyfti 165 kg.



## Elsa og Hörður heimsmeistarar í kraftlyftingum

Elsa Pálsdóttir og Hörður Birkisson frá Massa kepptu á heimsmeistararamóti í klassískum kraftlyftingum í Masters-flokkum þegar mótið fór fram í Ulaanbaatar í Mongólíu í október.

Það var hart barist og til að byrja með var keppnin um heimsmeistararitilinn hnífjöfn milli Harðar og Bat-Erdene Shagdarsuren frá Mongólíu.

Hörður varð heimsmeistari í -74 kg flokki karla 60-69 ára þegar hann lyfti 175 kg í hnébeygju og bætti þar eigið Íslandsmet um 5 kg. Í bekkpressu lyfti hann 97,5 kg og 195 kg í réttstöðulyftu sem einnig var nýtt Íslandsmet og tryggði sér þar með heimsmeistararitilinn í flokknum. Samanlagður árangur Harðar endaði í 467,5 kg sem er


bæting á Íslandsmetinu hans um heil 12,5 kg.

Elsa Pálsdóttir varð heimsmeistari þriðja árið í röð þegar hún sigraði með miklum yfirburðum í -76 kg flokki og setti um leið tvö heimsmet á mótinu. Í hnébeygju vann hún til gullverðlauna með 140 kg lyftu sem var 2 kg bæting á hennar eigin heimsmeti í aldursflokknum 60-69 ára. Í bekkpressu vann Elsa til silfurverðlauna með lyftu upp á 62,5 kg en setti svo heimsmet í réttstöðulyftu þegar hún fór upp með 170,5 kg sem gaf henni gullið í þeirri grein. Samanlagður árangur hennar var 373,0 kg sem gera 74,03 IPF stig og var hún þar með önnur stigahæst kvenna yfir alla þyngdarflokkana í sínum aldursflokkum.

## Massi beðinn um að halda heimsmeistararamót að ári eftir glæsilegt Evrópumót í Njarðvík

Massi, kraftlyftingadeild Njarðvíkur, hélt glæsilegt Evrópumót í september þar sem 101 keppendur tóku þátt. Með hjálfurum og öðru fylgdarliði mættu 160 manns á mótið.

Eftir mót var lokahófi haldið þar sem Ellert Björn Ómarsson og Guðlaug Olsen frá Massa voru kölluð upp og þeim afhentar viðurkenningar og miklar þakkir fyrir virkilega vel skipulagt mót. Umgjörð og skipulag mótsins þótti á heimsmeilíkvarða og voru þau að lokum beðin um að halda heimsmeistararamót að ári.



## Tvöfaldur heimsmeistararitill til Keflvíkings

Keflvíkingurinn Jóhanna Margrét Snorradóttir úr Hestamannfélaginu Mána gerði frábæra hluti á heimsmeistararamóti íslenska hestsins sem fór fram í Hollandi síðasta sumar. Jóhanna gerði sér lítið fyrir og vann tvöfaldan sigur en hún keppti í fjörgangi V1 og töltili T1. Ekki nóg með að Jóhanna sé keflvísk, heldur er hesturinn sem hún keppti á, Bárður frá Melabergi, ræktaður af Mánafélagi.

Jóhanna Margrét lyfti hinu fræga Tölthorni en þetta er í fjórtanda sinn sem Ísland vinnur þessi verðlaun.

Fyrri titillinn var fjörgangstitillinn en þau verðlaun hlýtur það þar sem fær hæstu einkunn samanlagt í fjörgangi og töltili eftir forkeppni.

Í fjörgangi V1 enduðu þau í öðru sæti með einkunnina 8.00, voru grátlega nálægt því að sigra en einungis munaði 0.03 á einkunnum í fyrsta og öðru sæti.

Seinni titill Jóhönnu kom í síðustu grein mótsins sem voru úrslit í töltili T1. Þar komu Jóhanna og Bárður efst inn og enduðu þau sem verðskuldaðir heimsmeistarar með einkunnina 8.94.



## Fimm heimsmeistararitlar og þrenn gala-verðlaun

Lið Team DansKompaní sýndi magnaðan árangur á heimsmeistararamótinu í dansi sem fór fram í Braga í Portugal síðasta sumar og kom heim með fimm heimsmeistararitla, tvö silfurverðlaun og eitt brons. Þar að auki unnu þrjú atriði frá DansKompaní til gala-gullverðlauna, hæstu verðlaunanna sem einungis útvalin siguratriði fá að keppa um innbyrðis.







Séra Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir talar til brúðhjónanna í fallegur athöfninni á Hlévangi. VF/JPK

Nýgift!



## Mundi

Mér finnst þrettándinn vera svolítið þúkalegur ...



## Jólin kvödd með þrettándagleði í Reykjanesbæ

Að gömlum og góðum sið verða jólin í Reykjanesbæ kvödd með þrettándagleði laugardaginn 6. janúar 2024.

Hátíðin hefst kl. 17:00 með blysför frá Myllubakkaskóla þar sem gengið verður í fylgd álfa-kóns, drottningar og hirðar þeirra að hátíðarsvæði við Hafnargötu 12. Foreldrar eru hvattir til að leyfa börnunum að taka virkan þátt í gleðinni með því að klæða sig upp í ýmis gervi, jafnvel þúkagervi en einnig er skemmtilegt að mæta með luktur í blysförina til að lýsa upp gönguna.

Á hátíðarsvæðinu tekur sjálf Grýla gamla á móti hersingunni, álfar munu hefja upp raust sína og syngja þrettandasöngva og alls kyns kynjaverur verða á sveimi á svæðinu.

Þrettándabrennan verður á sínum stað við Ægisgötu og gestum verður boðið upp á heitt kakó til að ylja sér.

Loks mun Björgunarsveitin Suðurnes sem senda jólin í burtu með glæsilegri flugeldasýningu eins og hennar er von og visa. Það eru Karlaakór Keflavíkur, Kvinnakór Suðurnesja, Leikfélag Keflavíkur, Skátafélagið Heiðabúar, Björgunarsveitin Suðurnes og lúðrasveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem taka þátt í dagskránni og sjá til þess að jólin í Reykjanesbæ verða kvödd með glæsibrag.

# Hugljúf athöfn á Hlévangi

Undir lok síðasta árs gengu þau Kara Tryggvadóttir og Eysteinn Sindri Elvarsson í hjónaband, sem þykir í sjálfu sér ekkert svo sérstakt nema fyrir þær sakir að giftingin fór fram á Hlévangi í Reykjanesbæ og það er sennilega í fyrsta sinn sem gifting fer fram á hjúkrunarheimili hérlendis. Ástæðan fyrir vali þessarar óvenjulegu staðsetningar var að faðir brúðarinnar, Tryggvi Björn Tryggvason, er vistmaður á heimilinu og til að hann gæti gefið brúðina frá sér var ákveðið að halda athöfnina á Hlévangi.



Foreldrar brúðgumans, við hlið þeirra situr Björn Bogi, hringaberi og eldri sonur brúðhjónanna. Í aftari röð er Frans Elvarsson, bróðir og svaramaður Eysteins, ásamt konu sinni og dóttur.

Það var hátíðlegt um að litast þegar gestir komu sér fyrir í salnum á Hlévangi sem var búið að útbúa sem litla „kapellu“ fyrir brúðkaupið. Brúðguminn stóð og horfði á þegar Tryggvi leiddi brúðina upp að altarinu þar sem brúðhjónin játuðust hvort öðru við fallega athöfn fyrir framan sína nánustu. Séra Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, prestur í Njarðvíkurprestakalli, annaðist giftinguna og hafði hún á orði í upphafi athafnarinnar að þetta væri ólíkt gleðilegra verkefni en þau sem hún sinnti vanalega á hjúkrunarheimilinu.



Foreldrar brúðarinnar. Karitas Sigurvinsdóttir og Tryggvi.

Tryggvi leiddi dóttur sína upp að altarinu.



Einholt 7



Gauksstaðavegur 2



Holtsgata 39



Lækjarmót 18

## Jóla- og ljósaús Suðurnesjabæjar 2023 verðlaunuð

Veittar voru viðurkenningar fyrir fallegar jóla- og ljósaús Suðurnesjabæjar þann 21. desember þegar fulltrúar ferða-, safna- og menningarráðs Suðurnesjabæjar, þau Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir og Arnar Geir Ás-

geirsson, heimsóttu íbúa þeirra húsa sem hlutu viðurkenningar í ár.

Íbúar Suðurnesjabæjar hafa verið duglegir við að skreyta hjá sér og lífga upp á skammdegið með ljósum. Val á ljósa- og jóla-

húsum var í höndum ferða-, safna- og menningarráðs líkt og undanfarin ár og fá eigendur og íbúar húsanna gjafabréf frá HS veitum við tilefnið sem nýttist í niðurgreiðslu á rafmagni. Ljósaús Suðurnesjabæjar árið

2023 er Holtsgata 39 í Sandgerði og Jólalúsið Suðurnesjabæjar árið 2023 er Einholt 7 í Garði. Sérstakar viðurkenningar fengu íbúar við Lækjarmót 18 í Sandgerði og Gauksstaðaveg 2 í Garði.

## Ég var búin að segja þér þetta!

Áramótin liðin og rétt að rifja upp hvað það var sem stóð upp úr á liðnu ári. Þetta var held ég ekkert sérstakt ár ef maður lítur á stóru myndina. Eilíft rifrildi á stjórnaheimilinu, stýrivaxtahækkanir, og eldgos. Nei. Þetta var ekkert sérstakt ár líti maður til þeirra fréttu sem birtust í fjölmiðlum en auðvitað er alltaf eitthvað sem gerist í lífi hvers manns á hverju ári. Þannig var það líka hjá mér.

„Ég var búin að segja þér þetta“, er setning sem ég hef heyrt oftar og oftar undanfarin ár. Venjulega hefur það verið konan sem hefur sagt þessa setningu. Þá hefur eitthvað verið að gerast sem ég hef átt að vita af, en einhvern veginn ekki komist til skila. Þegar þessi staða hefur komið upp hef ég venjulega gripið til þeirra raka að hún hafi

sennilega bara gleymt að segja mér þetta. Það hefur aldrei virkað, heldur hefur mér verið bent á að taka betur eftir, eða jafnvel láta mæla í mér heyrnina.

Mér fannst nú kannski aðeins of mikið í lagt þó hún hefði gleymt að segja mér eitthvað, að það þýddi að ég ætti að láta mæla í mér heyrnina en eins og alltaf, gerði ég eins og mér var sagt. Þantaði mér tíma í íslenska heilbrigðiskerfinu og bið enn bara rólegur. Áfram hélt konan að gleyma að segja allskonar mikilsverða hluti.

Nýlega átti ég svo leið inn í verslunarmiðstöð erlendis. Þar var svona verslun sem bæði auglýsti sjónmælingar og heyrnarmælingar. Fannst tilvalið að athuga hvort ég gæti eitthvað hjálpað íslensku heilbrigðisþjónustunni og fækkað eitt-

hvað á biðlistanum eftir þjónustu. Þantaði mér tíma hjá heyrnarlækninum og sagt að koma fimm dögum seinna.

Þegar ég mæti er ég tekinn í allherjar prufu, teknar myndir inn í eyrun á mér sem ég gat fylgst með á skjá. Þetta leit allt vel út, en svo kom að heyrnarprófinu sjálfu. Hann sendi allkonar hljóð inn í eyrað á mér sem ég fannst ganga vel að heyra. Var sannfærður um að ég hefði staðið mig vel og heyrninn væri nánast hundrað prósent og gæti fært frúnni þær góðu fréttir. Það væri ekkert að heyrninni hjá mér, heldur væri það minni hjá henni. Þannig var það ekki.

Læknirinn kallaði fram mynd af niðurstöðu rannsóknarinnar. Niðurstaðan var sú að það voru allskonar hljóð sem ég heyrði

ekki og hafði sennilega ekki heyrt lengi. Verð að að viðurkenna að ég varð heldur framlágu þarna inni í stutta stund. Læknirinn lagði til að ég myndi prófa að nota heyrnartæki. Ég féllst á það og hann setti upp heyrnartæki og svo app í símann. Nú gæti ég stjórnað því sem ég heyrði, þyrfti ekki framar að óttast að einhver talaði í bakið á mér.

Meðan á öllu þessu stóð hafði konan sest niður á veitingastað í verslunarmiðstöðinni. Þantað sér hvítvínsglas sigurveiss um að nú væri stund sannleikans runnin upp. Ég kom út frá heyrnarlækninum, tók eftir að hávaðinn var heldur meiri og það sem ég hafði haldið að væru hljóðværir fuglar voru nú byrjaðir að syngja hástöfum. Gekk heldur undrandi til

LOKAORD



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

hennar á meðan ég var að uppgötva öll þessi nýju hljóð. Hún spurði: „Hvernig gekk“? Ég svaraði: „Læknirinn sagði að ég væri nánast heyrnarlau, hann vill að ég fari að nota heyrnartæki.“ „Ég var búin að segja þér þetta“, sagði hún, vonandi í síðasta sinn. Árið 2023 var árið sem ég fékk heyrnina aftur. Það á eftir að koma í ljós hvort það er gott eða slæmt.